

Fimmtánda fundur haldinn í Breiðabliki 9. desember 2021 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Herdís Þórðardóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Forsendur fyrir fjárhagsáætlun 2022.
 - Útsvarsprósenta 2021. 14,52 %
 - Fasteignagjöld vegna 2021. Samþykkt að á A 0,5 og C hluta 0,5 % með jöfnum gjalddögum frá júní til nóvember.
 - Afsláttur á fasteignagjöldum. Samþykkt samhljóða að eldri borgarar fái 50 % afslátt af íbúðarhúsnæði eins og verið hefur.
 - Laun hreppsnefndar, nefnda, oddvita og skrifstofukostnaður fyrir 2022. Miðað við launaflokk 149 í kjarasamningum Sambands isl. Sveitarfélaga og SDS.

Oddviti 64 %

Hreppsnefndarmenn 8 %

Formenn nefnda 7 %

Aðrir nefndarmenn 5 %

Kjörstjórn sveitarstjórnar 16 %

Kjörstjórn forseta / alþingis 8 %

Skrifstofukostnaður ákveðinn 210 þúsund á ári.

- gert er ráð fyrir kr. 15 milj í atvinnumál árið 2022 ef af sameiningu verður, það er gert til þess að koma til móts við atvinnufyrirtæki í nýju umhverfi.
2. Fjárhagsáætlun Eyja og Miklaholtshrepps fyrir 2022, seinni umræða. Samþykkt samhljóða.
 3. Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Eyja og Miklaholtshrepps, seinni umræða. Samþykkt samhljóða.
 4. Bréf frá Stéttarfélagi Vesturlands og varðar starfsmannamál. Lögð fram drög að svarbréfi, oddvita falið að ganga frá málinu. Herdís fjallaði ekki um málið.
 5. Tillaga um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar. Skilabréf og álit samstarfsnefndar. Seinni umræða.
Sveitarstjórn Eyja og Miklaholtshrepps samþykkir að atkvæðagreiðsla um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar fari fram 12. febrúar 2022 og felur samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðsluna og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum. Samþykkt.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt, fundi slitið kl. 21:06

Herdís Þórðardóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)

